

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 28. nóvember 2022
Mnr. 2022060100



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Gjaldskrá BÞHE

Inngangur

Þann 1. janúar 2023 koma til framkvæmda stór hluti ákvæða í lögum nr. 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi). Lögin hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélög í landinu þar sem það er þeirra skylda að heimilisúrgangi sé safnað og þurfa þau að innheimta íbúa fyrir þessa þjónustu, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í lögunum kemur m.a. fram að innheimta skal sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs og að fast gjald skuli vera takmarkað nýtt. Þessar breytingar þýða að flest sveitarfélög þurfa að aðlagja gjaldskrár sínar og innheimtukerfi svo hægt að sé að innheimta á réttan hátt. Þetta eru stórar breytingar þar sem flest innheimtukerfi þurfa að taka skref úr því að vera hefðbundið kerfi sem nýtir fast gjald, í það að vera innheimtukerfi sem er í eðli sínu sniðið betur því magni og tegund úrgangs sem hver og einn íbúi sveitarfélagsins lætur frá sér.

Tvö sveitarfélög, Grímsnes- og Grafningshreppur og Ísafjarðarbær, taka þátt í sérstöku tilraunaverkefni „Borgað þegar hent er hraðli“, sem er á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga og HMS.

„Borgað þegar hent er hraðallinn“ hefur það að markmiði að aðstoða sveitarfélög að innleiða nýjar lagakröfur um breytingar á innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs, svokallaðra sorphirðugjalda. Reynslan sem hlýst af verkefninu mun hafa þýðingu fyrir öll sveitarfélög en eftir áramót ber þeim að tryggja að greitt sé í samræmi við magn og tegund úrgangs sem til fellur hjá viðkomandi úrgangshafa, bæði hjá íbúum og sveitarfélögum. Slíkt fyrirkomulag við innheimtu kallast „Borgað þegar hent er kerfi“. Innleiðing slíkra kerfa eru í raun útfærsla á mengunarbótareglunni, sá borgar sem mengar, og er mikilvægur liður í innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Fast gjald, sem flest sveitarfélög innheimta í dag, skal takmarkast við hámark 50% af heildarkostnaði til ársins 2025 og 25% eftir það.

Fyrir liggur skýrsla sem ráðgjafafyrirtækið Efla vann fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga sem sýnir að innheimta eftir stærð og fjölda íláta, svokölluð rúmmálsleið, er einfaldasta leiðin til að innleiða BÞHE kerfi við innheimtu. Rúmmálsleiðin mun uppfylla kröfur lagabreytinganna og krefst þess að sveitarfélög kortleggi fjölda og stærð íláta og útfæri gjaldskrá í takt við BÞHE kerfi. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með tilraunaverkefninu og markmiðið er að klára að innleiða það með þátttökusveitarfélögunum fyrir áramót svo að búið verði að fá reynslu á þetta nýja innheimtufyrirkomulag og kortleggja hvað felst í því að innleiða það.

Uptaka kerfis við innheimtu eftir ílátagerð og -stærð er einfaldasta aðferð til að innleiða BÞHE kerfi fyrir heimilisúrgang sem mun uppfylla kröfur lagabreytinganna fyrir úrgang sem safnað er frá heimilum. Gjaldliðum í álagningakerfinu er í grunnin hægt að skipta upp í gjaldliði fyrir heimili (hirðu og önnur tengd gjöld (t.d. skrefagjald)), ílát og aukaílát og frístundahús. Við upptöku ílátakerfis færast inn allir gjaldliðir sem tilheyra hirðu og annarri meðhöndlun úrgangs frá heimilum og sveitarfélög innheimta íbúann skv. þeim. Í frístundabyggð er einnig hægt að innleiða ílátakerfið en þar eru sameiginlegir gámar byggðarinnar skráðir sem ílát í álagningakerfinu. Til þess að stuðla að enn nákvæmari kostnaði á eigendur og leigjendur frístundahúsa væri hægt að ganga enn lengra í auðkenningu og mælingu á úrgangsmagni. Sú innheimta myndi fara fram eftir á.

Með þessu kerfi er búið að færa meirihluta kostnaðarliða inn í kerfi sem er í eðli sínu breytilegt ef boðið er upp á sveigjanleika í ílátaskærð og ílátafjölda

Ílátatalning

Ísafjarðarbær hefur valið að fara svokallaða rýmisleið sem verkfræðistofan Efla mælir með og mun það vera gert í gegnum Álagningarkerfi HMS. Fyrsti liður í verkefninu var kortlagning íláta niður á staðföng, þ.e.a.s. talning íláta við hvert heimili í öllu sveitarfélaginu.

Ílátatalning leiddi í ljós um 1083 staðföng sem hafa ílát. Ílátatalning fór þannig fram að staðfangalisti var fenginn frá HMS og merkt inn á hann fjölda og tegund sorptunna. Fylgt var eftir sorpbílum 7. til 11. nóvember síðastliðinn til að fá upplýsingar um hvert væri farið og hvar væri losað og fór það eftir sorpdagatalinu. Ílátatalningin var mjög þörf og áhugaverð en í henni tóku þátt einn starfsmaður tæknideildar og þrír starfsmenn fjármála- og stjórnsýslusviðs sem komið hafa að umsjá eða innheimtu sorpgjalda. Mikil áhersla var lögð á það í verkefninu að utanaðkomandi aðilar væru ekki fengnir í ílátatalninguna og hefur það reynst okkur vel þar sem öll greiningavinna hefur gengið mun betur ásamt skilningur á vandræðastaðsetningum og þeim vandamálum sem sorphirðustarfsmenn standa frammi fyrir.

Starfsfólk sorphirðingarinnar þurf að kljást við mjög misjafnar aðstæður. Í mörgum tilvikum þarf að fara langa leið til að finna tunnur, niður eða upp langa stiga og eða brekkur. Í samþykkt Ísafjarðarbæjar um sorphirðu segir að sorpílát skuli standa sem næst aðkomu að lóð og vera aðgengilegar. Hér er því mikilvægt að sveitarfélagið skilgreini nánar hvernig og hvar sorpílát skuli staðsett og hvort að ekki þurfi að koma upp hvatakerfi til að styðja við markmið sveitarfélagsins með t.d. skrefagjaldi. Það yrði þó ekki innheimt fyrr en haustið 2023 til að íbúar hafi tækifæri á að laga staðsetningu sorpílata og gera úrbætur til að ekki þurfi að koma til þessa gjalds.

Sorpflokkun er mjög misjöfn og kom í ljós að sorphirðustarfsmenn kanna ástand allra tunna, en algengt er að endurvinnslutunnan sé nýtt undir almennt sorp og að misbrestur sé á flokkun lífræns úrgangs. Ekki verður séð í fljótu bragði að flokkun lagist af sjálfu sér án aðgerða sveitarfélagsins. Aftur má ímynda sér að hvatakerfi gæti komið að gagni svo sem að ekki sé losuð tunna ef hindranir eða röng flokkun sé til staðar. Miðakerfi yrði þá sett upp eins og tíðkast í öðrum sveitarfélögum til að upplýsa íbúa afhverju tunnan var ekki losuð. Íbúi gæti síðan óskað eftir aukaferð til losunar þegar vandamálið hefur verið leyst og þá greitt fyrir þá þjónustu samkvæmt gjaldskrá.

Frágangur á tunnum var á mörgum stöðum ábátavant. Tunnur voru bundnar þannig að ekki var mögulegt að losa þær og þá greip sorphirðufólk til þess ráðs að týna rusl upp úr tunnum í poka og bera það að sorpbílum. Stórir grjóthnullungar voru á nokkrum stöðum ofaná tunnum sem þurfti að færa til að taka þær frá. Staðsetningin á tunnum var einnig í sumu tilvikum furðuleg þannig að erfitt var að ná tunnunum frá staðsetningu og að bíl. Í þessum tilvum væri þá mikilvægt að sleppa því að losa tunnur og skilja eftir miða með ástæðum til að íbúar geti brugðist við, annaðhvort með því að bæta frágang á tunnum til framtíðar eða þá að passa að færa tunnur á losunardegi að lóðarmörkum þannig að auðvelt sé að taka þær og losa.

Heildarfjöldi íláta sem fundust í talningu eru 2.558 og skiptist í eftirfarandi tegundir. Algengast er að við hús séu ein tvískipt 240l tunna með heimilissorpi og lífrænum úrgangi ásamt einni 240 l endurvinnslutunnu.

Ílátatalning	
Heimilissorp og lífrænn úrgangur, 240l	1169
Heimilissorp 240l	57
Heimilissorp 660l	59
Heimilissorp 1100l	3
Lífrænn úrgangur 120l	3
Lífrænn úrgangur 240l	50
Endurvinnsla 240l	1166
Endurvinnsla 660l	48
Endurvinnsla 1100l	3
	2558



TILKYNNING

Reykjavík: ____ / ____ 201__

Tæming íláta hefur ekki farið fram

☐ grátt / grænt ílát

☐ blátt ílát

Ógreiðfært:

☐ bifreið heftir aðgengi

☐ hindrun á aðkomuleið

☐ læst geymsla

☐ ómokað / hált

☐ ljóslaust

☐ annað _____

Flokkun og umgengni:

☐ yfirfullt

☐ fullt upp í rennu

☐ rangt flokkað

☐ spillilefni, lyf eða annar hættulegur úrgangur

☐ pappír / pappi

☐ skilgjalddskildar umbúðir

☐ garðauðrgangur, múrbrot og jarðefni

☐ timbur, málmur og grófur úrgangur

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Nánari upplýsingar
fást í síma 411-1111
sorphirda@reykjavik.is

Gjaldskrá

Næsti liður í innleiðingaráætlun BÞHE hraðalsins er „útfærsla gjaldskrár“ og sá síðasti er „kynning og stuðningur“ en um þann síðari verður ekki fjallað hér.

Rekstur 08230 Eyðing sorps

Mikilvægt er að rýna í þann kostnað sem hlýst við úrgangsstjórnun sveitarfélagsins. Reikna þarf nákvæmlega út hver raunverulegur fastur kostnaður sé og skoða leiðir til að lækka hann til frambúðar. Hér má sjá rekstur deildarinnar „Eyðing sorps“ fyrir árið 2021 ásamt áætlun ársins 2022 og 2023.

08230 Eyðing sorps	Ársreikningur 2021	Áætlun 2022	
		með viðaukum	Samþykkt áætlun 2023
0024 Þjónustugjöld fasteigna	-88.013.220	-97.228.850	-109.000.000
0891 Endurgreiðslur annarra	-2.068.500	0	0
0992 Aðrar tekjur, án vsk.	-567.450	-333.477	-500.000
2811 Smáverkfæri og áhöld	0	20.000	0
2854 Annar búnaður	211.771 FK	0	1.590.003
2971 Aðrar ótilgreindar vörur	0	0	100.000
4121 Vöru- og sendiferðabílar	0	0	0
4311 Lögfræðipjónusta m. ekr. vsk.	0	0	0
4321 Verkfr. arkit.þjón. m. ekr vsk	0	0	0
4331 Endurskoðun m. ekr. vsk.	1.440 FK	30.003	30.000
4391 Sérfræðipj. án vsk. á reikn.	506.367 FK	0	0
4412 Mf. afnot rkst.ein. v. húsnæði	11.989.596 FK	12.088.593	12.899.892
4791 Viðlagatrygging, pakkatrygging	16.660 FK	19.559	106.000
4911 Prentun	0	0	200.000
4912 Auglýsingar	18.093 FK	0	100.000
4922 Félagsgjöld	98.767 FK	99.000	99.000
4933 Gíróseðlar, bankakostnaður	0	0	0
4941 Sorphreinsun m. ekr. vsk.	83.002.664 SL	85.794.400	91.000.000
4982 Mf. sorphreinsun m. ekr.vsk.	540.784 FK	527.552	836.619
4991 Önnur aðkeypt þjónusta	0	0	250.000
5911 Aðrir skattar og gjöld	0	263.240	24.300
5912 Mf. aðrir skattar og gjöld	139.725 FK	139.725	131.441
9691 Mf. þátttaka í sam. kostnaði	930.252 FK	1.112.208	2.132.745
Niðurstaða reksturs, tap	6.806.949	2.531.953	0

Sá kostnaður sem líta má á sem fastan kostnað hefur verið merktur með stöfunum „FK“. Frekari sundurliðun á reikningar frá Terra (lykill 4941) fyrir árið 2021 eru hér að neðan og hefur fastur kostnaður verið skilgreindur.

Sundurliðun á sorphreinsun	2021
Sorphirða Dreifbýli, 40 bæir 7 km regla	2.051.825
Sorphirða þéttbýli	35.428.819
Sorphirða, blandaður úrgangur	12.163.131
Sorphirða, lífrænn úrgangur	2.475.342
Funi, gjaldfrjáls úrgangur	4.503.962
Funi rekstrarkostnaður	16.152.270 FK
Glergámur	18.209 FK
Hornstrandir, kar á höfn (grendarstöð)	185.891 FK
Núpur (grendarstöð?)	49.613 FK
Gróðurgámar FL, SU, ÞI, HN	812.109 FK
Tunguskógur (grendarstöð)	188.765 FK
Hreinsunarátak græn vika (hætt)	463.913 FK
Grendargámar SU, FL, ÞI	8.508.815 FK
	83.002.664
Fastur kostnaður	40.833.040 49,2%
Breytilegur kostnaður	42.169.624 50,8%
	83.002.664

Þessi kostnaðarskipting þarfnast þó frekari rýningar varðandi ítarlegri skiptingu og flokkun. Einnig þarf að rýna frekar í kostnað við grendarstöðvar og hvort kostnaður við þær sé einungist deild á það húsnæði sem ætlast er til að nýti þeirra. Sjá má þó á þessu að fastur kostnaður erum 49% af heildar kostnaði við deildina.

Fastur kostnaður 2023

Áætlaður heildar kostnaður árið 2023 er 109 miljónir króna. Leyfilegt að rukka að hámarki 50% þess kostnaðar sem fastan kostnað eða 54,5 m.kr. Í álagningu 2022 voru 1616 fastanúmer sem höfðu heilt fast gjald og 226 sem höfðu hálft fast gjald (sumarhús/takmörkuð ívera). Tekjur af sorpförgun 2022 voru samanlagt 67% af heildarkostnaði við sorphirðu og förgun.

Út frá þessum forsendum yrði nýtt gjald að vera 31.500 fyrir árið 2023 til að 50% kostnaðar sé innheimtur í fastum kostnaði í stað 67% áður. Það er 17% lækkun frá gjaldinu 2022 þar sem gjald fyrir sorpeyðingu er 37.900 kr. Nýtt gjald fengi heitið „Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður“.

Rúmmálgjald og ílátategund

Árið 2022 er sorphirða á íbúðarhúsnæði kr. 19.900,- og hefði í óbreyttu fyrirkomulagi hækkað um 12,2% fyrir árið 2023 eða í 22.300,-. Á bak við það gjald voru í álagningu 2022 samtals 1592 einingar. Hefði þetta gjald verið haldið óbreyttu en skipt til helminga m.v. að á hverju heimili væru 2 tonn, þá hefðu þetta verið 3.184 tonn per einingu sem hefði þá fengið kr. 11.150 rukkun fyrir tvískipta alm/líf og kr. 11.150 rukkun fyrir tvískipta endurvinnslutunnu. Raunin er hins vegar að fjöldi íláta er aðeins 2.558 og mjög breytilegur að stærð.

Lagt var upp með að byrja á því að stilla upp algengasta gjaldinu, sem eru tvær tvískiptar tonn. Sorpgjöld á íbúðarhúsnæði voru þannig samanlagt kr. 57.800 árið 2022. Gjalskrá sorphirðu fyrir 2022 hefur áður fengið umræðu í nefndum með þeirri niðurstöðu að hækka ætti gjöldin um 12 % og hefðu þau því orðið 64.800 árið 2023. Miðað við að fastur kostnaður lækki í 31.500 þá hefði kostnaður við ílátin þurft að hækka í 33.300 (19.980 kr. +13.320 kr.) til að halda óbreyttum heildar kostnaði.

	2022	2023	2023 till. 1
Sorphirða	19.900	22.300	
Sorpförgun	37.900	42.500	
Blandaður úrgangur og lífrænn úrgangur, 240 l ílát			19.980
Pappír, plast og málmar, 240 l ílát			13.320
Rekstur grenndar og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður			31.500
	57.800	64.800	64.800
hækkun frá 2022		12,11%	12,11%

Metið var svo að því gjaldi yrði skipt 60/40 niður á tunnu, þannig að almenna/lífrænt tæki 60% af gjaldinu eða 19.980 kr. og endurvinnslan 40% eða 13.320 kr. Gjald í sama flokki í stærri tunnum var síðan hlutfallað upp, lífræna tunnan fékk sama gjald og tvískipta tunnan en óskipt tunna fyrir blandaðan úrgang (án lífræns hólfs) sett 30% dýrara. Þessi niðurstaða gefur okkur þó einungis 47,9 m.kr. í tekjur og vantar þá 6,6 m.kr. uppá til að reksturinn standi undir sér.

Ílátategund	Fjöldi íláta	Verð	Tekjur
Heimilissorp og lífrænn úrgangur, 240l	1.169	19.980	23.356.620
Lífrænn úrgangur 120 l	3	9.990	29.970
Lífrænn úrgangur 240 l	50	19.980	999.000
Heimilissorp 240 l	57	25.974	1.480.518
Heimilissorp 660 l	59	71.429	4.214.282
Heimilissorp 1100 l	3	119.048	357.143
Endurvinnsla 240 l	1.166	13.320	15.531.120
Endurvinnsla 660 l	48	36.630	1.758.240
Endurvinnsla 1100 l	3	61.050	183.150
	2.558		47.910.042
Fastur kostnaður			54.497.700
Samanlagt			102.407.742
Frávik			-6.587.658

Næsta skref var þá að hækka gjaldið fyrir „sorphirðuna“ þannig að það yrði 11,86% hærri eða 37.250. Það þýðir þá að sorpgjöld á típískt sérbyli með tvær tonn eru að hækka um 18,94% á milli ára.

	2022	2023	tillaga 2023
Sorphirða	19.900	22.300	
Sorpförgun	37.900	42.500	
Blandaður úrgangur og lífrænn úrgangur, 240 l í lát			22.350
Pappír, pappi og plast, 240 l í lát			14.900
Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður			31.500
	57.800	64.800	68.750
	hækkun frá 2022	12,11%	18,94%

Sömu útteilingu var beitt við önnur gjöld og leiðir sú niðurstaða til tekna upp á 53,6 m.kr. sem er viðunandi. Tekjur yrðu þá samanlagt um 108,1 m.kr. með tekjum vegna fasts kostnaðar

Ílátategund	Fjöldi íláta	Verð	Tekjur
Heimilissorp og lífrænn úrgangur, 240l	1.169	22.350	26.127.150
Lífrænn úrgangur 120 l	3	11.200	33.600
Lífrænn úrgangur 240 l	50	22.350	1.117.500
Heimilissorp 240 l	57	29.100	1.658.700
Heimilissorp 660 l	59	80.000	4.720.000
Heimilissorp 1100 l	3	133.200	399.600
Endurvinnsla 240 l	1.166	14.900	17.373.400
Endurvinnsla 660 l	48	41.000	1.968.000
Endurvinnsla 1100 l	3	68.300	204.900
	2.558		53.602.850
Fastur kostnaður			54.497.700
Samanlagt			108.100.550
Frávik			-894.850

Dæmi um kostnað á staðföng - sérbyli, fjölbyli, dreifbyli og orlofshús.

Sérbyli: Öll sérbyli með tvær tvískiptar tunnur greiða samanlagt 68.750 í sorpgjöld á ári í stað 57.800 árið 2022. Það er hækkun um kr. 10.950 eða 18,94% frá 2022. Gjaldið verður því 5.729 kr. á mánuði fyrir árið 2023 en var 4.816 kr. á mánuði árið 2022.

Fjölbyli: Áhrif nýrrar gjaldskrár á fjölbylishús er mjög misjöfn og fer allt eftir fjölda tunna sem húsfélögin hafa komið sér saman um. Í lang flestum tilfellum er kostnaðurinn við nýtt kerfi að lækka fyrir fjölbylishús m.v. gjöldin í ár og m.v. kostnað sérbyla 2023. Hér eru nokkur dæmi:

- Fjölbyli 1: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 751.400,- þar sem um 13 íbúðir er að ræða (13*57.800). Húsfélagið er hins vegar með samanlagt 8 240l tunnur, 4 endurvinnslu, 3 heimilissorp og 1 lífræn tunna. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 567.600 eða 183.800 kr. lægri sem nemur 24,5% lækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 43.600 kr. sem er 36,5 % lægra en gjöld á sérbyli.
- Fjölbyli 2, 3 og 4: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 1.040.400,- kr. en um er að ræða 18 íbúðir á 3 staðsetningum. Húsfélagið er hins vegar með 2 lífrænar 240l tunnur, 4 660l tunnu fyrir heimilissorp og 2 660 l tunnu fyrir endurvinnslu. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 991.000,- kr. og lækka því um 49.400,- kr. sem er um 4,7% lækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 55.000 kr. sem er 20 % lægra en gjöld á sérbyli.
- Fjölbyli 5: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 635.800,- kr. en um er að ræða 11 íbúðir. Húsfélagið er hins vegar með 1 lífræna 240l tunnur, 3 660l tunnu fyrir heimilissorp og 1 660 l tunnu fyrir endurvinnslu. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 638.400,- kr. eða hækkun um 2.600,- kr. sem er um 0,4% hækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 58.036 kr. sem er 15,6 % lægra en gjöld á sérbyli.
- Fjölbyli 6: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 578.000,- kr. en um er að ræða 10 íbúðir. Húsfélagið er hins vegar með 1 lífræna 240l tunnur, 4 240l tunnu fyrir heimilissorp og 2 660 l tunnu fyrir endurvinnslu. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 497.600,- kr. eða lækkun um 80.400,- kr. sem er um 14% lækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 49.760 kr. sem er 27,6 % lægra en gjöld á sérbyli.

Dreifbýli utan 7 km: Allt dreifbýli utan 7 km greiddu á árinu 2022 kr. 37.900 fyrir sorpförgun. Þær eignir fá nú nýtt gjald í stað þess sem heitir „Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður,, og er kr. 31.500. Kostnaður dreifbýlis lækkar því um 16,9% á milli ára og verður 2.625 kr. á mánuði.

Orlofshús og húsnaði með takmarkaða íveru v. snjóflóðahættu: Á árinu 2022 greiddu orlofshús hálf gjald fyrir sorpeyðingu eða 18.950,- kr. Það gjald verður kr. 15.750 á árinu 2023 og mun kallast „Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður sumarhús/takmörkuð ívera“. Kostnaður orlofshúsa lækkar því um 16,9% og verður 1.312 kr. á mánuði.

Viðbótargjöld

Breytingargjald: Nýtt kerfi mun valda miklum auka kostnaði við skráningar og er því lagt til að breytingargjald verði lagt á allar beiðnir um breytingar sem verða eftir að fyrsta breyting á sér stað vegna átaks/útskiptingu á tunnum. Miðað væri þá t.d. við að því átaki væri lokið fyrir 1.10.2023 og allar óskir um breytingar eftir það yrði greitt fyrir sérstaklega.

Skrefagjald: Ef sorphirðufólk þarf að sækja ílát lengra en 15 metra frá sorpbíl bætist viðbótargjald við. Hægt er að komist hjá því að greiða það með því að færa tunnurnar varanlega eða á losunardegi innan 15 metra. Hjá Reykjavíkurborg hefur þetta viðmið verið 15 m.

Endurnýjunargjald: Sorpílatin eru eign Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær sér um endurnýjun og viðhald á skemmdum ílátum. Ef tjón á íláti er hægt að rekja til slæmrar umgengni kann íbúi að þurfa að greiða fyrir kostnað við endurnýjun þess og gjald fyrir að koma því á staðin. Íbúar bera ábyrgð á að hreinsa ílátin.

Aukalosunargjald: Ef ílát hefur ekki verið losað vegna hindrana, rangrar flokkunar eða af öðrum ástæðum getur íbúi óskað eftir aukaferð til losunar þegar vandamálið hefur verið leyst. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá.

Niðurlag

Vænta má þess að fjöldi tunna á árinu 2023 gæti tekið miklum breytingum taki íbúar við sér í bættri flokkun og fækkun tunna, þó þannig að fjórflokka flokkun sé til staðar sem verður skylda og m.a. átak varðandi það sem alls ekki megir henda í almennu tunnuna. Fara þarf í mikla kynningarvinnu á næstu mánuðum til að íbúar séu uppýstir um rétta flokkun og hvernig aðgengi eigi að vera að tunnum ásamt öðru sem máli skiptir til að ná þeim markmiðum að draga úr myndum úrgangs og auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu.